

Mars 2006

VARNAREFNI

Varnarefni eru notuð í landbúnaði og garðyrkju og við eyðingu meindýra. Þau eiga að varna sýkingum eða skemmdum í gróðri, hefta eða stýra vexti plantna og eyða meindýrum. Heilsu fólks og umhverfi getur stafað hættu af notkun varnarefna. Markaðssetning þeirra hefur því verið takmörkuð með sérstakri löggjöf. Einnig hafa verið settar reglur um notkun þessara efna og gerðar leiðbeiningar um viðbrögð við slysum af þeirra völdum.

FLOKKAR VARNAREFNA

Plöntulyf eru notuð til að verja plöntur gegn óprifum, s.s. sveppum, örverum, skordýrum og öðrum smádýrum.

Illgresiseyðar eru notaðir til að halda óæskilegum plöntum í skefjum með því að deyða plöntur, draga úr vexti þeirra eða hefta hann.

Stýriefni eru notuð til að stýra vexti plantna eða hluta þeirra eða til að draga úr öndun og spírur uppskorinna plantna eða plöntuhluta.

Útrýmingarefni eru notuð til að eyða ýmsum meindýrum í híbýlum manna og halda músum og rottum í skefjum.

SKRÁNING VARNAREFNA

Óheimilt er að flytja inn, selja eða nota varnarefni hér á landi nema efnið hafi verið skráð til þeirra nota hjá umhverfissráðuneyti. Upplýsingar um efni sem hafa verið skráð og heimilt er að nota eru birtar í *Yfirliti yfir plöntulyf, örgresisefni (illgresiseyða), stýriefni og útrýmingarefni*.

LEYFISVEITINGAR

Varnarefni eru flokkuð í fjóra hættuflokka, X, A, B og C. Hættulegustu efnin eru í X hættuflokki en þau hættuminnstu eru í C hættuflokki. Sérstakt leyfi þarf til þess að mega kaupa og nota varnarefni í hættuflokkum X og A. Slík leyfi eru veitt af sýslumönnum eða lögreglustjórum. Engin sérstök leyfi þarf til að kaupa efni í flokkum B og C en við kaup á efnunum í B flokki skal kaupandi staðfesta móttöku með undirritun.

Söluleyfi þarf til þess að selja varnarefni í hættuflokkum X, A og B. Slík leyfi eru veitt af umhverfissráðuneyti til sérverslana og lyfjabúða.

Umhverfisstofnun veitir einstaklingum leyfi til að starfa við garðaúðun og eyðingu meindýra í atvinnuskyni. Heilbrigðis- efitirlit sveitarfélaga veitir fyrirtækjum starfsleyfi fyrir starfsemi á sviði garðaúðunar og eyðingar meindýra, ásamt verslun með varnarefni.



Varnarefni eru notuð við ræktun skrautjurta, matjurta og annarra nytjajurta.

Um varnarefni gilda m.a.:

- Lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni
- Reglugerð nr. 50/1984, um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra
- Reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni

MERKINGAR

Umbúðamerkingar varnarefna skulu vera á íslensku.
Á merkingum skal m.a. koma fram:

- Heiti og styrkur virkra efna
- Varnaðar- og hættuflokksmerki
- Hættu- og varnaðarsetningar
- Notkunarleiðbeiningar
- Uppskerufrestur ef við á
- Leiðbeiningar um förgun
- Upplýsingar um framleiðanda/umboðsaðila

Varnaðarmerki sem algeng eru á umbúðum varnarefna



Afar eldfimt er notað á úðabrusa sem innihalda eldfim drifefni.

GEYMSLA

Eiturefni, þ.e. efni í hættuflokkum X og A, skal geyma í læstum vel merktum geymslum. Hættuleg efni, þ.e. efni í hættuflokkum B og C, ber að geyma á stað þar sem börn ná ekki til, fjarri matvælum og fóðri.

FÖRGUN

Varnarefnaafgöngum og ílátum undan varnarefnum skal farga sem spilliefnum nema annað komi fram á umbúðamerkingum. Óheimilt er að endurnota ílát undan varnarefnum. Spilliefnum skal skila til viðurkenndra söfnunar- og móttökustöðva.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar (www.ust.is), undir fyrirsögninni *Efni og efnavörur*, er að finna upplýsingar um varnarefni. Þar má m.a. finna lista yfir varnarefni á skrá, upplýsingar um leyfisveitingar og umsóknir, ásamt umsóknareyðublöðum.



Eitrunarmiðstöð Landspítala Háskólasjúkrahúss í Fossvogi veitir upplýsingar og ráðgjöf allan sólarhringinn um viðbrögð og meðferð við slysum af völdum hættulegra efna.
Sími: 543-2222.

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24 - 108 Reykjavík
Sími: 591 2000 - Fax: 591 2020

Ljósmyndir: Heiðrún Guðmundsdóttir og Magnús Á. Ágústsson
Umbrot og hönnun: Gutenberg ehf.